

**REGLUGERÐ  
um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla  
laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.**

1. gr.

Slysatrygging íþróttafólks tekur til slysa, sem verða við íþróttaiðkanir þeirra sem orðnir eru 16 ára og eru sannanlega félagar í formbundnum félögum, sem hafa íþróttaiðkun að meginmarkmiði og eru aðilar að Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands eða Kraftlyftingasambandi Íslands.

2. gr.

Með íþróttaiðkun er átt við sýningar eða keppni á vegum íþróttafélaga samkvæmt 1. gr. svo og skipulagðar íþróttæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila undir stjórn þjálfara með það að markmiði að taka þátt í keppni eða sýningum.

3. gr.

Slys sem verða á ferðum til eða frá æfingum, sýningum eða keppni falla ekki undir slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt reglugerð þessari. Það sama gildir um slys í búningsherbergjum og baðklefum og slys á keppnis- eða sýningarferðalögum, innanlands sem utan, nema þau sem verða við æfingar, sýningar eða keppni, sbr. 2. gr.

4. gr.

Tilkynning um íþróttaslys skal send Tryggingastofnun ríkisins. Skal tilkynningin vera undirrituð af hinum slasaða og þjálfara hans og stimuluð af íþróttafélaginu. Einnig skulu fylgja aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem áverkavottorð þess læknis sem skoðaði slas-áða fyrst eftir slysið, sbr. nánar reglur tryggingaráðs nr. 709/1999 um tilkynningarfrest slysa.

5. gr.

Bætur slysatryggingar íþróttafólks eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Ef bótaskyt slys veldur sjúkleika og vinnutjóni (óvinnufærni) í minnst 10 daga skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða, nánar tiltekið læknishjálp, lyf og umbúðir, tannlækningar, sjúkraþjálfun, spelkur, gervilimi og bæklunarskófatnað, ferðakostnað og sjúkraflutning, samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og reglum nr. 765/2000 um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálp.

Ef slys veldur ekki óvinnufærni í 10 daga greiðist framangreindur kostnaður ekki úr slysatryggingu íþróttamanna.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í e-lið 1. mgr. 24. gr. og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2002 og tekur til slysa sem eiga sér stað eftir 31. mars 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

---

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*